

Nd.

579. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

Við 4. tölulið 3. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú samþykkir stjórn Byggingarsjóðs að afla lánsfjár til byggingarframkvæmda með skuldabréfaútboði, og er Landsbankanum þá skyld að taka við hréfunum fyrir nafnverð, en síðan annast bankinn sölu þeirra. Ekki er bankanum þó skyld að kaupa samkvæmt þessu meira en svo af skuldabréfum byggingarsjóðs, að nemí 20 millj. króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um verkamannabústaði eru tvimælalaust þýðingarmesta löggjöf, sem Alþingi hefur sett til að greiða fyrir byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnnum. Skilningur almennings hefur farið hraðvaxandi á nytsemd þessarar löggjafar, og æ fleiri byggingarfélög hafa verið stofnuð á grundvelli hennar.

Byggingarsjóði verkamannabústaða hafa í samræmi við þetta borizt fleiri og stærri lánbeiðnir á þessu og síðasta ári en dæmi eru til áður, en aðstaða hans til lánsfjárlunar hefur ekki batnað að sama skapi, og nú er svo komið, að heita má, að löginn um verkamannabústaði séu ekki framkvæmanleg, vegna þess að byggingar-

sjóðurinn getur ekki fengið þau lán, sem hann þarf og þar af leiðandi ekki veitt hinum einstöku félögum þau lán, sem þau þurfa til bráðnauðsynlegra framkvæmda.

Eins og nú standa sakir hefur byggingarsjóðurinn lofað einstökum byggingarfélögum lánum, sem næst 6 milljónum króna að upphæð. Hjá sjóðum liggja óafgreiddar beiðnir sem hér segir:

til Neskaupstaðar	600000 kr.
— Hafnarfjarðar	1300000 —
— Sauðárkróks	770000 —
— Bolungavíkur	500000 —
— Siglufjarðar	2040000 —

Samtals 5210000 kr.

Kunnugt er, að stofnuð hafa verið byggingarfélög á Eskifirði, Eyrarbakka, Djúpavogi, Patreksfirði, Seyðisfirði, Bíldudal og í Búðahreppi, Frá öllum þessum félögum má búast við lánbeiðnum á hverri stundu, og ekki er hátt áætlað, að þær nemi samtals 5 milljónum króna.

Samkvæmt þessu má gera ráð fyrir, að innan skamins liggi fyrir hjá byggingarsjóðnum loforð um lán og lánbeiðnir, er nemi um 16 milljónum króna.

Til að mæta þessum þörfum, hefur byggingarsjóðurinn boðið út skuldabréfá-lán að upphæð 3.5 milljónir króna, en af þeim bréfum hefur til þessa ekki selzt nema sem svarar einni milljóni. Við svo búið má ekki standa, það má ekki hindra framtak þeirra byggingarfélaga, sem eru reiðubúin að hefja byggingarframkvæmdir, en framtak þeirra verður hindrað, ef ekki verður undinn bráður bugur að því að tryggja byggingarsjóðnum nægileg lán. Beinasta og eðlilegasta leiðin er að leggja þjóðbankanum þá skyldu á herðar að innleysa skuldabréf sjóðsins, en að sjálfsögðu hefur bankinn aðstöðu til að selja þau aftur að meira eða minna leyti á frjálsum markaði.

Sjálfsagt er þó að takmarka þessa skyldu bankans, og þykir hæfilegt, að innlausnarskylda nái til allt að 20 milljóna kr.

Fyrir þinginu liggar nú frumvarp til laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Í þessu frumvarpi felst meðal annars endurskoðun á lögnum um verkamannabústaði. Frumvarp þetta var lagt fram í efri deild í desember s. l. og þá vísað til félagsmálanefndar. Nefndin hefur ekki skilað áliði um frumvarpið, og mun því enn verða nokkur dráttur á afgreiðslu þess. Í frumvarp þetta vantar ákvæði um lánsfjárlöflun til handa byggingarsjóðum, en úr því mætti bæta í meðfórum þingsins, en þó að það verði gert, er brýn og aðkallandi nauðsyn að gera ráðstafanir til að opna byggingarsjóðunum leiðir til fjárlöflunar nú þegar, svo að ekki verði tafðar eða hindraðar þær byggingarframkvæmdir, sem byggingarfélögini hafa í hyggju að hefja á þessu vori. Það er því brýn þörf, að frumvarp þetta fái sem skjótasta afgreiðslu. Hver dagur er dýr þeim, sem á byggingarframkvæmdir hyggja í sumar, og húsnæðisvandræðin eru svo mikil, að Alþingi ber skylda til að greiða fyrir byggingu verkamannabústaða eftir því, sem mögulegt er.